

Nr. 45.

3. nóv.

Lög

um

ullarmat.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru :

1. gr.

Öll vorull og þvegin haustull, sem flutt er hjeðan af landi, skal metin og flokkuð eftir gæðum af ullarmatsmönnum undir umsjón yfirullarmatsmanna. Ullarmatsmennirnir skulu einnig hafa umsjón með útskipun ullarinnar og meðferð hennar í útflutningaskipunum, og er útflytjendum ullar skylt að hlýða fyrirmælum þeirra um það. Hverri ullarsendingu skal fylgja vottorð ullarmatsmanns um, að ullin sje skoðuð og flokkuð eftir rjettum reglum og samrit af vottorðinu ritað á farmskrána. Skál sýslumaður eða hreppstjóri hafa vottað með undirskrift sinni, að löglega skipaður ullarmatsmaður hafi undirritað vottorðið í viðurvist hans. Sje hreppstjóri sjálfur útflytjandi ullarinnar eða ekki búsettur á útflutningsstaðnum, skipar sýslumaður til þessa annan hæfan mann.

2. gr.

Sameiginlegt merki á allri útfluttri ull skal vera stimpill með nafninu »Ísland«. Auk þess skal haft undirmerki, er sje skammstafað nafn verslunar þeirrar eða kaupfélags, er ullina flytur út eða selur til útflutnings. Í undirmerkinu mega aldrei vera færri en tveir bókstafir. Ennfremur skulu höfð merki, er greini ullartegundir eða flokka. Loks skal hver sekkur tölusettur.

3. gr.

Nánari reglur um mat ullar, merking og meðferð við útskipun og í skipi, setur Stjórnarráðið í erindisbrjefum ullarmatsmanna og yfirullarmatsmanna.

4. gr.

Ráðherra skipar yfirullarmatsmenn. Skulu þeir hafa aflað sjer þekkingar á ullarmati og meðferð ullar, með því að hafa áður starfað að ullarmati, eða á annan hátt. Yfirullarmatsmenn skulu vera fjórir, hver í sínu umdæmi, en umdæmin eru þessi:

1. Frá Vík í Mýrdal til Borgarness, að báðum stöðum meðtöldum, og Vestmannaeyjar.
2. Frá Búðum til Hvammstanga.
3. Frá Blönduósi til Þórshafnar.
4. Frá Bakkafríði til Hornafjarðar.

Yfirullarmatsmenn skulu að öllum jafnaði vera búsettir sem næst miðju þess umdæmis, sem þeir hafa til yfirsóknar.

5. gr.

Nr. 45.

Lögreglustjóri skipar ullarmatsmenn á hverjum ullarútflutningsstað, einn eða 3. nív. fleiri, eftir því sem yfirullarmatsmaður telur þurfa, og eftir tillögum hans.

6. gr.

Ullarmatsmenn og yfirullarmatsmenn skulu áður en þeir taka til starfa undirrita drengskaparheit um, að þeir vilji rækja starf sitt með alúð og samviskusemi og fara eftir reglum þeim, er settar eru um það. Stjórnarráðið stílar þeim heitið.

7. gr.

Árslaun yfirullarmatsmanna skulu vera 400 kr. til hvers þeirra og greiðast úr landssjóði. Kaup ullarmatsmanna greiða verslanir þær og kaupfjelög þau, er ull flytja út, eftir því sem ákveðið verður í erindisbrjefi ullarmatsmanna.

Ekki mega ullarmatsmenn nje yfirullarmatsmenn þiggja neina þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, frá skipstjórum á útflutningaskipunum nje öðrum, sem við útflutning ullarinnar eru riðnir, aðra en þá, sem ákveðin er í erindisbrjefi. Ekki mega þeir heldur vera í þjónustu þeirra, er láta meta ull, nje kaupa ull til útflutnings, hvorki fyrir sjálfa sig nje aðra.

8. gr.

Yfirullarmatsmenn skulu ferðast um umdæmi sitt árlega og líta eftir ullarmati og ullarmedferð á útflutningsstöðum, og leiðbeina ullarmatsmönnum við störf þeirra. Þeir skulu og í ferðum sínum leiðbeina mönnum í ullarverkun, eftir því sem við verður komið.

Ferðakostnað sinn fá þeir greiddan úr landssjóði, eftir reikningi, sem Stjórnarráðið úrskurðar, alt að 200 kr. hver þeirra.

9. gr.

Sá, sem flytur út eða lætur flytja út ull, án þess að gæta fyrirmæla laga þessara um mat, flokkun og merking hennar, sæti 200—2000 kr. sektum til landssjóðs. Með mál út af þessum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Um hegningu fyrir brot ullarmatsmanna og yfirullarmatsmanna gegn ákvæðum þessara laga, fer eftir hinum almennu hegningarlögum.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 3. nóvember 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S)

Einar Arnórsson.